

STJÓRNARTÍÐINDI A 14 – 1992

18. september 1992

209

Nr. 77

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fer til útlanda 19. september 1992.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 18. september 1992.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

21. september 1992

Nr. 78

AUGLÝSING

um breyting á viðauka I við lög nr. 55 30. mars 1987, tollalög, með síðari breytingum.

1. gr.

Á einstökum köflum tollskrárinnar eru gerðar eftirfarandi breytingar:

1. Á 19. kafla:

Í stað tollskrárnúmersins 1905.9010 komi eftirfarandi:

– – Brauð:

1905.9011 – – – Með fyllingu sem er að meginhluta til úr smjöri eða öðrum mjólkurafurðum (t.d. hvítlaukssmjör)	20 0 0 ZW
1905.9019 – – – Annað	20 0 0 ZW

2. Á 21. kafla:

Við vörulið 2106 bætist nýtt tollskrárnúmer er orðist svo:

2106.9024 – – – Sérstaklega tilreitt fyrir ungbörn og sjúka 0

3. Á 22. kafla:

Við vörulið 2202 bætast ný tollskrárnúmer er orðist svo:

2202.1002 – – Sérstaklega tilreitt fyrir ungbörn og sjúka 0

2202.9002 – – Sérstaklega tilreitt fyrir ungbörn og sjúka 0

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 6. og 143. gr. laga nr. 55 30. mars 1987, tollalaga, með síðari breytingum til að öðlast gildi 1. október 1992.

Fjármálaráðuneytið, 21. september 1992.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Bjarnveig Eiríksdóttir.